

## REGLUGERÐ

### um innheimtu þinggjalda á árinu 2003.

#### 1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2002 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2003. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðvar álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

#### 2. gr.

Þar til álagning ársins 2003 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Hjá einstaklingum skal greiðslan á hverjum gjalddaga nema 5% en hjá lögaðilum 7% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr. er greiða bar á árinu 2002. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2003 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

#### 3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2003 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

#### 4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli árana 2001 og 2002 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2001. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

#### 5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

#### 6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2003 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2002.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Jón Guðmundsson.*